



Prentsögusetur

FRÉTTABRÉF

I. Tbl. 5. Árg. Mars 2024



Skýrsla stjórnar

Ágætu félagar.

Síðasti aðalfundur félagsins okkar var haldinn þann 23. mars 2023. Þá var ljóst að formaður stjórnar Prentsögusets til 7 ára af þeim 8 sem félagið hefur verið til, Haukur Már Haraldsson léti af störfum sem formaður og færí úr stjórn ásamt Grími Kolbeinssyni og Heimi Erni Gunnarssyni.

Nú var því þörf fyrir nýtt fólk inn í stjórn. Grímur náði að sannfæra Jón Trausta og Díönu að bjóða sig fram og einnig gaf Ævar Rafn kost á sér til stjórnarsetu. Á síðasta aðalfundi var kjörin stjórn félagsins. Formaður kosinn Jón Trausti Harðarson og aðrir í stjórn Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir, Katrín Jónsdóttir, Tryggvi Þór Agnarsson, Ágúst Guðjónsson, Hjörtur Guðnason og Ævar Rafn Kjartansson.

Á fyrsta fundi skipti stjórn þannig með sér verkum: Ævar Rafn varaformaður, Tryggvi Þór gjaldkeri, Katrín ritari, Díana meðstjórnandi og Ágúst og Hjörtur varamenn.

Á fundinum vorum nýir meðlimir settir

inn í stöðuna farið var yfir helstu verkefni sem lágu fyrir. Það var ljóst að verkefnið í Skálholti væri það sem brýnast væri og lengst komið í undirbúningi.

Búið var að setja upp í grófum dráttum innihald sýningarinnar, skipta sýningunni upp í 15 svæði og teikna sýningarrýmið. Hanna borð fyrir svæðin og gera uppkast af veggspjöldum fyrir myndir og upplýsingar um upphaf prentunar á Íslandi og þróun fyrstu 300 árin. Plön höfðu gert ráð fyrir að það verkefni væri nánast á lokametrunum en þar sem húsnæðið í Skálholti var ekki tilbúið var ekki búið að setja í framkvæmd smíðið borða og uppsetningu spjalda.

Þegar við fórum að rýna betur í stöðuna, efni og innihald sýningarinnar þá virtist okkur mál standa þannig að þrátt fyrir fína vinna við undirbúning, hugmyndavinnu og uppbryggingu sýningar í Skálholti þá vanti að klára textavinnuna svo hægt sé að vinna spjöldin og jafnframt að lista upp þá sýningargripi sem við gætum notað í hana.

Skálholt á bækur frá öllum prentstöðum sem sýningin fjallar um nema einum og því kjörið að nota þær sem sýningargripi og er gert ráð fyrir því í hönnun sýningarinnar.

Prentsmeðjubókin hans Svans og bókin Frá Hólum til Reykjavíkur eftir Hauk Má eru frábærar heimildir og innihalda kjarna sýningarinnar, en það vantar að taka út úr þeim þann kjarna í texta sem er lýsandi og áhugaverður fyrir sýningargesti og hönnuður getur unnið með.

Þarna stöndum við frammi fyrir því að fara í þessa vinnu og hugsuðum með okkur að þetta gæti ekki verið stórmál. Þannig að við fórum að lesa og um leið að reyna að draga fram texta og skýra mynd af sögunni og reyna að sjá fyrir okkar sýninguna. Ganga í gegnum hana í huganum, lýsingin, gripirnir, sagan, stemningin, tíðarandin og mannfólkid.

Þar sem við Díana vinnum saman ákváðum við að fara í þetta og sjá hvernig okkur gengi. Við hittumst á hverjum morgni stundum búin að lesa eitthvað og stundum

ekki en það varð okkur ljóst þegar viðbárum saman bækur okkar að verkefnið er ekki eins auðvelt og mætti halda.

Það vantar ekki að við vorum að sjá hluti sem mátti draga út og gátu verið krydd í sýningunni en erfiðara að ná í þetta samfelli og láta textan ganga upp Stundum sögðum við hvort við annað þegar við mættum að morgni „hvað erum við búin að koma okkur út í eiginlega“.

En sagan er merkileg, ártölin eru þarna, prentstaðirnir, handverksmennirnir, áhrifavalarnir, helstu prentverk og sagan á bak við þau. Við gerðum okkur grein fyrir því þegar á leið og við ekki enn farin að skila af okkur því sem við ætluðum að við þyrftum að endurskoða aðkomu okkar að þessu.

Þessi tími sem við höfum notað í þetta er þó ekki til einskis því í þessu ferli hefur kvíknað hugmynd um að reyna ekki bara að segja sögu prentunar á Íslandi og hvernig hún kom til með þeim staðreyndum sem við þekkjum og við höfum minnst á hér, heldur reyna að gera okkur grein fyrir því hvaða áhrif hún hafði á læsi þjóðar, menntun, lýðræðisprórun, geymslu gagna og heimilda, trúarsögu, siðaskiptin og þróun menningar. Við getum t.d velt því fyrir okkur hver arfur Jónasar Hallgríms-sonar væri ef ekki hefði komið til prentunin?

En hvað um það á meðan við reyndum að ná utan um raunverulegt innhald sýningarinnar og hvernig við kæmum því frá okkur til sýnignargesta þá fórum við að efast um að hönnun og uppsetning sýningarinnar væri nógú nútímaleg og kæmi til með að ná til allra þeirra sem við viljum að njóti hennar og læri af henni. Við erum að tala um fólk á öllum aldrum með mjög ólíka reynslu og þjálfun í að upplifa miðlun upplýsinga.

Við viljum að gestir fari í gegn um sýninguna án þess að tapa þræðinum og missa áhugann vegna þess að miðlunin höfði ekki

til þeirra. Því höfum við ákveðið að láta endurhanna sýninguna og bæta inn í hana stafrænni birtingu, hljóði og mynd í viðbót við þá sýningarhluti sem við höfum aðgang að bækur, letur og texta. Jafnframt viljum við gera því faglega góð skil eins og útliti, leturgerð, hráefnum, prentun og bókbandi. Merkilegt má það teljast hvað bók frá upphafsárum prentunar á Íslandi er ekki mjög frábrugðin bók sem prentuð er í dag.

Til þess að átta okkur á möguleikunum fórum við nokkur úr stjórn á upplifunar-sýninguna Skyrland á Selfossi, það opnaði augu okkar fyrir þeim möguleikum sem við höfum til að gera betur í Skálholti.

Nú stöndum við frammi fyrir því að til að klára hönnun sýningarinnar þurfum við að kosta miklu til og fórum því í það eftir áramótin að undirbúa styrkumsóknir og fengum í lið með okkur Kristjónu Guð-brandsdóttur hjá Iðunni fræðslusetri, hún hefur verið okkur ómetanleg hjálp, Herdís Friðriksdóttir og Kristján Björnsson í Skálholti hafa einnig stutt við okkur af fullum hug.

Það eru farnar inn til Rannís tvær umsóknir um styrk, sú fyrri til að geta greitt háskólanema laun til að gera rannsókn og skila af sér skýrslu um áhrif prentunar á læsi þjóðarinnar, lýðræðisprórun, menntun og fleira sem talið hefur verið upp hér að framan og aðrar þjóðfélags-breytingar sem komu í kjölfarið.

Við viljum að það sem við setjum fram á sýningunni um þessa þróun sé stutt með fræðilegum rannsóknum eins langt og það nær, með þeim heimildum sem að-gangur er að.

Ef ekki fæst styrkur eða hæfur háskólanemi til verksins þá leitum við til fræðimanns.

Við sóttum um annan styrk til Rannís sem er hugsaður til að greiða fyrir hönnun og tæknivinnuna við sýninguna.

Sjáum hvað setur með þetta. En við erum svo að fara að skoða með fleiri styrki bæði hér heima og í Evrópu.

Staðan í Skálholti:

21. júní síðasta sumar gerðu þrír stjórnarmenn sér ferð í Skálholt. þegar Mennings- og viðskiptaráðherra Lilja Alfreðsdóttir afhenti styrk til Bókhlöðu Skálholts.

Fórum svo yfir stöðuna á húsnaðinu, gólf tilbúin og næstu skref að fara að heilsparsla veggi fyrir málningar vinnu, draga í rafmagn og setja upp vörurhurð. Í dag þegar þetta er skrifð er búið að tvíheilsparsla veggi og verið að málá ryk-bindinguna. Þá er líka búið að panta hurðar. Og verið að meta hvaða gólfefni henta best.

Fara á í gegn um gámana í vor þegar veður leyfir, kanna ástand innihaldsins, skrá allt og náá mynd.

Ef sýningin í Skálholti verður eins og góð og við væntum og við náum að kynna verk-efnið, innihald hennar vel og að hún fái athygli bæði ferðamanna og ekki síst íslendinga sjálfra erum við ekki í vafa um að það mun hjálpa okkur að fá meiri stuðning og skilning á mikilvægi þess að koma upp alvöru prentminjasafni.


Það að saga prentuverksins fyrstu 300 árin fái samastað í Skálholti til framtíðar er ómetanlegt og ég vona að við öll gerum okkur grein fyrir þeim fjársjóði. Það má ekki falla í gleymuskunnar dá það sem gerði okkur að þeirri þjóð sem við erum, vel menntuð og upplýst með einstakt tungumál sem hefur ekki breyst mikið frá víkingatímxum, það má örugglega þakka sagnahefðinni og bókunum. Og þegar því líkar breytingar verða á allri miðlun sem við erum að upplifa í dag hlýtur það að teljast verðugt verkefni að halda á lofti með góðu prentminjasafni grundvellinum fyrir því að við erum hér í dag sú þjóð sem við erum, prentverkinu.

7. mars 2024


Jón Trausti Harðarson



Stjórn Prentsögusets 2023 - 2024: Ágúst Guðjónsson, Ævar Rafn Kjartansson, Tryggvi Þór Agnarsson, Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir, Hjörtur Guðnason, Jón Trausti Harðarson og Katrín Jónsdóttir.



Fyrsti prófarkalestur Gutenbergs skv. sýn listamannsins. Á flestum myndum er Gutenberg sýndur sem virðulegur síðskeggur, en samkvæmt tiláraanda samtíðar hans er talið, að hann hafi varla látið vaxa á sér skegg, en það var venja heldri manna að skerða skegg sitt - og til þeirra talist Gutenberg.



Fjörutíu og tveggja línu bíblían

Til að prenta bók með lausaletri þurftu að vera til mörg eintök af hverjum staf. Þegar aðferð Gutenbergs var tilbúin og stafamótið til þannig að dýptin var alls staðar hárrétt og stafamýndin óaðfinnanleg var hægt að steypa eftir því óteljandi bokstafi. Gullsmíðin kom að góðum notum fyrir Gutenberg þarna því þetta var svipað ferli. Stafamótunum voru raðað í kassa með hólf fyrir hvern staf. Setjarinn raðaði stílnum saman í línu með þykkum málþynnunum fyrir orðabil og línum. Þegar blaðsíða var tilbúin var sátið bundið sama og skorðað vel. Prentsvertan var borin á og rakur pappír lagður ofan á og öllu ýtt undi pressuna. Nú var komið lesmál á pappírinn, mynd af bókstöfunum sem nú horfði rétt við af því spegilmyndir stafanna voru á stílnum. Segja má að þessi aðferð hafi markað aldahörf í menningarsögunni. Einn hinn frábærasti gripur prentlistarinnar er bíblía sú er nefnd „fjörutíu og tveggja lína bíblían“. Hún kom út árið 1456 og var upphaf

nútímaprentlistarinnar. Prentuð í tveimur bindum, alls 1200 síður og voru 42 línar á hverri stíðu. Líklega var upplag hennar um 120 eintök og hafa 46 af þeim varðveis fram á okkar dag. 12 þeirra voru prentaðar á bókfell en í það var notuð skinn af sauðkindum, geitum, kálfum og fleiri skepnum. Furðumikils misräemið gætir í staðhæfingum og ágiskunum fræðimanna um útgáfuár Gutnebergs bíblíunnar. Menn greina einnig á um það hvor útgáfan sé eldri, 42-línu bíblían eða 36-línu bíblían sem svo er kölluð til aðgreiningar frá hinni. Talið er þó að hún sé útgefin árið 1456. Vildi Gutenberg að bókin liti að öllu leyti út eins og hún væri handskrifuð. Gerði hann mörg afbrigði af sumum stöfum og samstöfum. Því voru um 300 leturtáknir í safninu hans þó ekki væru nema 50 stafir til. Handbragðið á Bíblíu Gutenbergs þykir einstaklega fagurt og var líklega myndskreytt af Peter Schöffer sem var hans helsti aðstoðarmaður. *Heimildir: Wikipedia, Prentarinn, Ester Þorsteinsdóttir.*

Bertel Thorvaldsen og Gutenberg

Eftir aldamótin 1800 var stofnað félag í Mainz, fæðingarbæ Gutenberg, með það fyrir augum, að reisa af honum styttu í borginni. Var hafin fjársöfnun og boðið til verðlaunakeppni fyrir bestu teikninguna. Dansk-íslenski myndhöggyvarinn Bertel Thorvaldsen bauðst til að gera líkneskið ókeypis, og var það þegið. Minnismerkið var afhjúpað 14. ágúst 1837 í Mainz, en þá var fjögra alda afmælis Gutenberg minnst þar.



Frá afhjúpun styttunar 14. ágúst 1837

Á þessari minningaráðið var tekin ákvörðun um hvaða dagur og hvaða ár skyldi teljast upphaf prentlistarinnar. Eftir mikið þjark var ákveðið að 24. júní 1440 skyldi teljast upphafdagur í sögu svartlistarinnar. Á 19. öld var 400 ára afmælis Gutenberg minnst viðsvegar um lönd. Þess var minnst árið 1837 í Mainz, en annarsstaðar fóru hátíðahöldin fram 1840.



Stytta Bertel Thorvaldsen af Gutenberg

1. Tölublað - 5. Árgangur mars 2024

Útgefandi: Prentsgusetur

Prentun: Prentun.is

Ritstjórn og umþrot: Ævar Rafn Kjartansson

Upplag bóka við upphaf prentunar

Á Visindavef Hlí má finna ýmsan fróðleik ma. um prentlistina. Eftirfarandi upplýsingar eru teknar af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=74880>

Fyrstu bækurnar voru prentaðar í Þýskalandi um miðja 15. öld. Á næstu áratugum voru stofnaðar prentsmiðjur um alla Evrópu, þar á meðal í Óðinsvéum árið 1482 og Kaupmannahöfn árið 1495 en á Hólum í Hjaltadal um 1530. Nokkuð var um það að bækur væru prentaðar á íslensku í Kaupmannahöfn.

Árið 1584 var Guðbrandsbiblía prentuð í 500 eintökum. Fimm árum síðar var sálmabók gefin út í 375 eintökum. Í tíð Þorlákss Skúlasonar biskups á Hólum árin 1628–1656 voru guðsorðabækur prentaðar í 500 til 700 eintökum. Fyrir miðja 18. öld voru flestar bækur Hólaprentsmiðju gefnar út í 300 til 500 eintökum. Postilla Jóns biskups Vídalíns mun hafa komið út í 1000 eintökum.

Í handritinu Lbs. 2089 4to má finna nákvæmar tölur um upplag bóka sem prentaðar voru í Viðey árin 1831–1844 og síðan í Reykjavík til ársloka 1846. Árin 1840–1841 var Biblán prentuð í 1400 eintökum. Passíusálmar séra Hallgríms Péturssonar í 2000 eintökum árið 1832 og fjórum árum síðar í 2500 eintökum. Enn komu þeir út árið 1841 og nú í 2500 eintökum. Árið 1840 voru Íslendingar 57 þúsund talsins og jafngilda 7000 bækur á níu árum því að eitt eintak var prentað á hverja átta íbúa. Það samsvarar 40 þúsund eintaka upplagi nú, sem vart þekkist. Auðvitað voru gefnar út miklu færri bækur þá og á meðalheimili voru kannski á bilinu tíu til tuttugu titlar.



Aðferð Gutenbergs að steypa í mótt prentstafi úr bráðnu blíji var blanda af tini og antimoni hitað upp í 300 gráður. Fyrst var frummynd bókstafsins, spegilvend og skorin í stál. Síðan slegin í kopar sem er mykri málmur og var þá komið mótt af bókstafnum í rétti mynd. Þessu koparmóti var bráðinni blýblöndunni hellt í. Þegar hún storknaði var komin nákvæm eftirmynnd af upphaflega stálskurðinum. Með þessari aðferð var hægt að steypa fjöldi leturstafa á skómmum tíma. Þessi blanda hefur lítið breyst til letursteypu allt fram á okkar dag og eru margir undrandi á fundvísí Gutenbergs á réttu málmana og hlutföll þeirra.



Teikning sýnir William Randolph Hearst blaðamögul sem hirðfífl dreifandi fréttablöðum með fyrirsögnum eins og: "Höfðar til ástríðna, Eitur!, Tilfinningaklám, Árás á saklausa, Skældar fréttir, Persónulegar sorgir" til æstra lesenda. Að heiðvirt fólk kaupi sálarlausun áróður fréttasvikamenna dregur heiðvirða fréttamennsku í svað hnignunar. Heiðarleiki og sanngjörn blaðamennska á þar enga fulltrúa. (Bréf í New York Evening Post)

Bois Protat tréristan

Hluti af annari hlið Bois Protat tréristunnar sem er sennilega frá 1370–1380. Tréristan var notuð til prentunar og er sú elsta sinnar tegundar sem vitað er um í hinum vestræna heimi. Það voru myndir ristar á báðar hliðar trésins en vegna vanhirðu við varðveislu þess var aðeins um fjórðungur bútsins og bara önnur hliðin nothæf til að gera eftirprentun af. Tréristan er varðveitt í deild ljósmynda og prents í Bibliothèque nationale de France, þjóðminjasafni Frakklands í París.

Nafn tréristunnar Bois Protat's kemur af prentaranum Jules Protat sem eignaðist bútinn eftir að hann fannst skorðaður undir steingólf 1898 í Frakklandi.

Af Wikipedia.

